

BREKKUBÆJARSKÓLI - ÍPRÓTTAHÚS

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 1100007
VERKHLUTI: 01
HÖFUNDUR: Indriði Níelsson
RÝNT AF:
DREIFING:

DAGS.: 2023-09-11
NR.:
ÚTGÁFA -

Efni: Ástandsskoðun Brekkubæjarskóla

Farið var yfir núverandi ástand íþróttahúss Brekkubæjarskóla.

1 Þak


Nýlega hefur verið lagður þakdúkur á þakið ásamt því að loftun var stórlega bætt.

Þak er uppbyggt þannig að þakbitar eru úr strengjasteypu




Mynd 1.

Ofan á strengjasteypuna er svo spennnt niður meira og minna hefðbundið timburþak. Sjá mynd 2.



Mynd 2. Burðarvirki, mynd af strengjasteypu og timburvirki í þaki.



Mynd 3. Snið í einangrun þaks.

Uppbygging þaks er því þekkt loftlekaleið fyrir íbúa Akraneskaupstaðar þar sem þakið er ekki þétt og miklir loftlekar eru væntanlega í gegnum þakið.



Mynd 4. Óhreinindi á strengjasteypu

Það má til dæmis sjá mikil óhreinindi á strengjasteypu á viðkomandi flötum, þar sem fletir eru nánast svartir af ryki.

Ljóst er að endurnýja þarf allt þakið að innanverðu. Með því að setja þar upp rakavarnarlag.



Víða má sjá ummerki um gamla leka í lofti

2 Gaflveggur – suður

Suður gaflveggur er sýnilega skemmdur.


Leitað var eftir upphleyptu timbri í íþróttasal og bólgna spónaplötur sáust þar.

Þar kom einnig í ljós að uppbygging veggjar er óhentug þar sem sett er timbur á steypa vegg.

Afleiðingarnar verða þær að steypa daggar, timbrið skemmist og lekur og með tímanum eyðileggst allur veggurinn.



Mynd 5. Ásýnd á timburvegg á gaflri fyrir innan spónaplötur.



Mynd 6. Teikning af frágangi á steypum vegg.



Mynd 7. Skemmd tengd niðurfalli.



Mynd 8. Skemmdir tengdar vatnsnotkun.



Mynd 9. Skemmdir tengdar vatnsnotkun.

Þá var einnig tekið sýni upp við „stigastúku?“ og þar var borað gat inn í vegg.

Það sýni leit mestmegnis vel út þrátt fyrir gömul ummerki um leka.



Mynd 10. Sýni úr lofti við „stigastúku...“

3 Nauðsynlegar aðgerðir

Endurnýja neðri hluta þaks þannig að það verði loftþétt (fjarlægja heraklith og einangrun).

Endurnýja gaflvegg.

Endurnýja rakaskemmt efni í áhorfendastúku og breyta þrifum.



4 Viðhald úti

Samhliða aðgerðum þarf að fara yfir flasningafrágang á göflum úti. Sömuleiðis hreinsun á niðurföllum.

5 Loftræsing og upphitun

Þótt loftræsing og upphitun salarins hafi í raun ekki verið hluti skoðunarinnar enda ekki um skemmt byggingarefni að ræða þá er nauðsynlegt að geta þess að loftræsing salarins er langt frá því að vera fullnægjandi. Hún virðist vera dregin inn um túður í geymslurýmum. Loftræsingin virðist ráða við skólakrakka í sal en enga áhorfendur.

Þá þarf að yfirfara upphitun og alla hönnun þaks og veggja sem ekki hefur farið fram eftir breytingu byggingarinnar.



Á bak við appelsínugulu körfuna er innblástur í sal.

*Ath náði ekki að opna teikningar af vef frá 1968.

Fyrir hönd Verkís
Indriði Níelsson